

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

1. gr.

34. gr. orðist svo:

Héraðsprestur á að þjóna með prófasti og prestum í fjölmönnum og/eða víðlendum prestaköllum eða prófastsdæmum. Prófastur hefur umsjón með starfi hans en héraðsnefnd leggur honum til starfsaðstöðu.

2. gr.

38. gr. falli brott.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar árið 2000.

Gjört í Reykjavík, 15. nóvember 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998.

1. gr.

Stafliður a í 8. tl. 5. gr. orðist svo:

a) kosning aðalmanna og varamanna til héraðsnefndar, annarra en formanns, til tveggja ára í senn, sbr. 2. mgr. 7. gr.